

## Kynning á Miðbæjarreitnum í Sveitarfélaginu Vogum

Svokallaður Miðbæjarreitur í Sveitarfélaginu Vogum er byggingarlóð sem skilgreind er sem lóð undir verslunar- og þjónustustarfsemi að megninu til. Skipulagsskilmálar segja að jarðhæð megi vera að hámarki 1500 m<sup>2</sup> á byggingarreit D1 og leyfa því ekki að fyllt sé í byggingareitinn, sem er 1655 m<sup>2</sup> að stærð. Fyrir byggingarreit D2 segja skilmálar að jarðhæð megi vera að hámarki 3000 m<sup>2</sup> og leyfa því að fyllt sé í byggingareitinn, sem er 2865 m<sup>2</sup> að stærð.

Skilmálar:

### 4.6 D1 – Miðbæjarstarfsemi

Innan byggingarreits er heimilt að reisa byggingar fyrir miðbæjarstarfsemi á tveimur hæðum. Hæð húsa skal vera að hámarki 7,5 metrar yfir gólfkóta jarðhæðar. Sjá jafnframt skýringarmynd á deiliskipulagsupprætti.

Grunnflötur jarðhæða skal á hámarki vera 1.500 m<sup>2</sup>. Heimilt er að hafa íbúðir á efri hæð bygginga.

### 4.7 D2 – Miðbæjarstarfsemi

Innan byggingarreits er heimilt að reisa byggingar fyrir miðbæjarstarfsemi á þremur hæðum. Hæð húsa skal vera að hámarki 10,0 metrar yfir gólfkóta jarðhæðar. Sjá jafnframt skýringarmynd á deiliskipulagsupprætti.

Grunnflötur jarðhæða skal á hámarki vera 3.000 m<sup>2</sup>. Heimilt er að hafa íbúðir á efri hæðum bygginga.

**Fyrir nánari upplýsingar er vísað í gildandi deiliskipulag fyrir svæðið, sjá:**

[https://www.vogar.is/static/files/Deiliskipulag/135\\_midbaer\\_2008.pdf](https://www.vogar.is/static/files/Deiliskipulag/135_midbaer_2008.pdf)

